

265. fundur Skólanefndar FS

23. nóvember 2004

Mættir: Kristbjörn Albertsson, Böðvar Jónsson, Garðar Páll Vignisson, Ingimundur Þ. Guðnason, Páll Ingólfsson, áheyrnarfulltrúarnir Þorbjörg Garðarsdóttir og Gústav A.B. Sigurbjörnsson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Skólameistari setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Kosning formanns.
2. Fjárlög ársins 2005 og nemendafjöldi á haustönn 2004.
3. Önnur mál.

1. Kosning formanns.

Kristbjörn Albertsson kjörinn formaður nefndarinnar.

2. Fjárlög ársins 2005 og nemendafjöldi á haustönn 2004.

Skólameistari fór yfir tillögur til fjárlaga fyrir árið 2005 og gerði grein fyrir fjölda nemenda á haustönn og skiptingu þeirra eftir brautum.

3. Önnur mál.

- a) Skólameistari lagði fram grein um veiðarfæradeildina sem birtist í Fishing News International. Næsta haust er von á 6 nemendum í deildina frá Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna.
- b) Garðar lagði til að skólinn byði upp á nám í öldungadeild í Grindavík, t.d. Ensku 103 og Íslensku 103. Skólameistari sagði frá því að þetta hefði verið rætt á fundi með umsjónarmönnum öldungadeildar. Skólameistara falið að skoða málið nánar á vorönn.
- c) Nefndarmönnum boðið að skoða skólann.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Þorbjörg Garðarsdóttir,
fundarritari